



Reykjavík, 1. febrúar 2019
R18090109
1531

Borgarráð

Svar við framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um mótuneyti borgarinnar

Á fundi borgarráðs þann 17. janúar 2019 var lögð fram svohljóðandi framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Það sem eftir er tekið er að ekkert er rætt um fjölda máltíða til starfsfólks skólanna, er verið að selja þeim mat? Vanskil eru 23 milljónir, er það uppsafnað frá fyrra ári, eða fyrir eitt ár? Er verið að selja starfsfólki skólanna mat og ef svo er hver er sá fjöldi máltíða?


Með bréfi dags. 22. janúar 2019 var skrifstofu borgarstjóra og borgarritara send fyrirspurnin til umsagnar. Kallað var eftir svörum frá skóla- og frístundasviði.

Í svarinu segir að starfsfólki grunnskóla og leikskóla stendur almennt til boða að fá mat í mótuneytum viðkomandi starfsstöðva. Kjarasamningar ráða því hvort starfsfólk greiðir fyrir matinn, t.a.m. fá grunnskólakennarar mat án endurgjalds ef þeir eru að fylgjast með nemendum á matartíma en að öðrum kosti eru matarinnkaup þeirra dregin af launum.

Þau 23 milljóna króna vanskil sem gert var grein fyrir í svari skóla- og frístundasviðs til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara eru kröfur sem var stofnað til vegna áskrifta á árinu 2017 sem ekki hafa verið greiddar.

Fjöldi máltíða sem starfsfólk kaupir liggur ekki fyrir en tekjur af fæðisfrádrætti starfsmanna grunnskóla var rúmar 68 m.kr. vegna skólaársins 2017-2018. Þar er um að ræða um það bil 100-110.000 máltíðir en ekki er hægt að kalla fram nákvæman fjölda þar sem þjónustustig og verð er ekki samræmt milli starfsstöðva.

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjóra og borgarritara


Theódóra Sigurðardóttir